BÍÓ

MYNDIR

mánaða

292. tbl. maí. 2018

Lift the mood!

Langar þig að lyfta þér upp?

Taktu þátt í leiknum á www.liftthemood.is

OREO Milka OLZA PRINCE POLO od 1955 roku LU

A riches to rags story. If only he could remember it.

EUGENIO DERBEZ ANNA FARIS

OVERBOARD

NÝTT Í BÍÓ

FRUMSÝND 9. MAÍ

LAUGARÁS BÍÓ BARA LÚXUS · HÁSKÓLABÍÓ · SMÁRABÍÓ · BORGARBÍÓ

Gleðilegt sumar

Já, sumarið er gengið í garð samkvæmt tímatalinu og þótt það hafi ekki byrjað beint sumarlega alls staðar á landinu að þessu sinni skulum við vona að maí verði mildur og góður fyrir alla.

En hvernig sem veðrið verður úti má alltaf bóka að í bíóhúsunum verður logn og blíða alla daga, allan mánuðinn og fullt af góðum myndum til að sjá. Að vísu verða óvenjufáar myndir frumsýndar að þessu sinni, eða níu, en á móti kemur að þetta eru allt afar áhugaverðar myndir af ýmsum toga og að úrvalið í bíóhúsunum nú þegar er mjög gott fyrir. Annars lítur dagskráin svona út:

Bíódagskráin í maí:

4. maí	Vargur	Bls. 16
4. maí	Overboard	Bls. 18
9. maí	Bókmennta- og kartöflubökufélagið	Bls. 19
11. maí	I Feel Pretty	Bls. 20
16. maí	Deadpool 2	Bls. 22
18. maí	Krummi klóki	Bls. 24
23. maí	Solo: A Star Wars Story	Bls. 26
23. maí	Draumur	Bls. 28
23. maí	Kona fer í stríð	Bls. 29

Og eins og venjulega hvetjum við lesendur til að kíkja einnig á DVD- og VOD-útgáfu mánaðarins sem kynnt er hinum megin í blaðinu auk tveggja nýrra tölvuleikja sem koma út 25. maí.

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá stjörnuna og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna pínulitla stjörnu sem skín inni á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: ★

Ef þú finnur stjörnuna og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á facebook.com/myndirmanadarins og senda okkur rétta svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem stjarnan er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og póstnúmer með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. maí**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölublaði sem kemur út í lok maí.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu páskaungann:

Eldey Alexandra, Nesvegi 1, Hauganesi, 621 Dalvíkurbyggð
Stefán Jóhannesson, Háulind 17, 201 Kópavogi
Tinna Magnúsdóttir, Frostafold 23, 112 Reykjavík
Ásdís Kristjánsdóttir, Furugrund 71, 200 Kópavogi
Tinna Ósk Hauksdóttir, Hrísrima 3, 112 Reykjavík

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

292. tbl. maí 2018
Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417
Heimasíða: www.myndirmanadarins.is
Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is
Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson
Próförk: Veturliði Óskarsson
Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja
Upplag: 20.000 eintök

Þeir eru bara svo sætir

HARIBO

Þriggja vikna martröð

Nýjasta mynd Baltasars Kormáks sem leikstjóra, *Adrift*, verður frumsýnd í kvikmyndahúsum um allan heim í byrjun júní og verður gaman að sjá hvort hún eigi eftir að gera það jafngott, eða jafnvel betra en *Everest* fyrir tveimur árum, en sú mynd er tekjuhæsta mynd íslensks leikstjóra til þessa, með tekjur upp á tæplega 204 milljónir dollara.



Adrift er sannsöguleg mynd, byggð á bókinni *Red Sky in Mourning* eftir Tami Oldham Ashcroft sem kom út árið 2002. Hún segir frá þeim atburðum sem urðu þegar Tami og unnusti hennar, Richards Sharp, ákváðu í október árið 1983 að taka að sér að sigla 44 feta skútu, Hazana, frá Tahiti-eyju í Pólýnesíu til viðtakenda í San Diego, um 6.500 kílómetra leið yfir opið Kyrrahafið. Þau Tami og Richard voru bæði þaulvön siglingum og í upphafi ferðarinnar var ekkert sem benti til annars en að verkefnið yrði lítið mál fyrir þau. Þau gátu auðvitað ekki séð fyrir að á nítjánda degi ferðarinnar myndu þau lenda í miðjum fellibylnum Raymond sem í ofanálag varð öflugasti fellibylur ársins. Þegar þeim varð ljóst í hvað stefndi reyndu þau að komast norður fyrir mesta

Það tók Tami ekki langan tíma að átta sig á að snekkjan var nánast í rúst eftir átökin við veðurofsann. Myndin til hægri er af Hazana eftir að Tami hafði náð að sigla henni til Hawaii.



vindinn en allt kom fyrir ekki og þau lentu í miðju ofsaveðursins þar sem öldurnar eru taldar hafa risið upp í allt að 15 metra hæð.

Lengi vel tókst parinu að halda Hazana á réttum kili en þegar Tami fór undir þiljur hvolfdi skútunni með þeim afleiðingum að hún rotaðist. Þegar hún rankaði við sér aftur, næstum sólarhring síðar, var Richard horfinn og skútan í rúst, þar á meðal öll siglingatæki. Við tók þriggja vikna barátta Tamiar við að komast lifandi frá þessum hrakningum og þykir með ólíkindum að henni hafi að lokum, einni síns liðs, tekist að sigla Hazana til lands á Hawaii.

Þau Richard Sharp og Tami Oldham voru þaulvön siglingum og þegar þau uppgötvuðu í hvað stefndi reyndu þau að sigla Hazendu norður fyrir versta veðrið. En allt kom fyrir ekki og brátt voru þau í auga stormsins þar sem öldurnar náðu hátt í 15 metra hæð. Hér eru þau Sam Claflin og Shailene Woodley í hlutverkunum en á innfelldu myndinni eru hin raunverulegu Tami og Richard áður en lagt var í hann.

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.com

Settu þig í samband við sparnaðinn!

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi hefur keypt hjá Kia á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.kia.com/abyrgd.

KIA

The Power to Surprise

58 km rafmögnuð drægni – einn af kostum Niro

Kia Niro Plug-in Hybrid er aflmikill og umhverfismildur rafbíll með allt að 58 kílómetra drægni á rafmagni og einstaklega sparneytna bensínvél. Þessi dugmikli sportjeppi fæst á lækkuðu verði og honum fylgir **hleðslustöð með uppsetningu, hleðslukapall og gúmmímotta í skott** í takmörkuðu magni. Tryggðu þér Kia Niro Plug-in Hybrid með rafmögnuðum kaupauka.

Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Niro með 7 ára ábyrgð*.

Kia Niro PHEV, sjálfskiptur, á verði frá:

3.790.777 kr.

1,6 bensín/rafmagn, 141 hestafl

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Lífið finnur alltaf leið

Nýja *Jurassic World*-myndin, *Fallen Kingdom*, verður frumsýnd á Íslandi 8. júní, en eins og flest kvikmyndaáhugafólk veit sló *Jurassic World* algjörlega í gegn og situr nú í fjórða sæti listans yfir tekjuhæstu myndir allra tíma. Í þetta sinn er það katalónski leikstjórinn J.A. Bayona sem leikstýrir en hann sendi síðast frá sér hina frábæru mynd *A Monster Calls*. Allar aðalpersónurnar, þ.e. þær sem lifðu fyrri myndina af, snúa aftur en sagan hefst um fjórum árum eftir atburðina í henni og segir frá því þegar eldgos brýst út á eyju risaeðlanna og ógnar lífi þeirra. Ákveðið er að flytja sem mest af þeim upp á fastalandið en það á að sjálfsögðu eftir að hafa alvarlegri afleiðingar en nokkur sá fyrir.

Chris Pratt snýr aftur sem Owen Grady en hann er fenginn til að hjálpa til við flutninginn. Það sem freistar hans þó mest er að hitta á ný eina af eðlunum sem hann ól upp og tamdi og er kölluð Blue.

Sem fyrr má búast við að bæði Owen og aðrar persónur myndarinnar lendi í stórhættu við að reyna að fanga stærstu eðlurnar.

Eins og þessi mynd ber með sér þá á Owen eftir hitta þennan krúttlega risaeðluunga sem sennilega er afkvæmi Blue. Við hér hjá Myndum mánaðarins ætlum að giska á að þessi ungi verði ein af aðalrisaeðlunum í næstu *Jurassic World*-mynd!

Eins gaman og það er að skoða risaeðlur í hæfilegri fjarlægð þá kárnar gamanið í návígi við þær, jafnvel þótt þær brosi breitt.

Við vitum ekki hvernig þetta atriði fer en því er ekki að neita að maðurinn þarna er í slæmum málum, alla vega í augnablikinu.

iPhone 8 (PRODUCT)RED

Við roðnum bara!

10 FALT NET fylgir

Stærsti skemmtistaður í heimi!

INOVA

Aftur til starfa

Aðdáendur teiknimynda, og þá ekki síst hinna frábæru teiknimynda sem Pixar hefur sent frá sér með reglulegu millibili allar götur síðan sú fyrsta, *Toy Story*, var frumsýnd árið 1995, geta farið að láta sig hlakka til að endurnýja kynnin af hinni ótrúlegu Parr-fjölskyldu því mynd númer tvö um hana er væntanleg í bíó í júní, heilum þrettán árum eftir að fyrri myndin var frumsýnd. Sú mynd er af mörgum talin besta og fyndnasta Pixar-myndin til þessa og það ætti ekki að skemma fyrir eftirvæntingunni að leikstjóri og handritshöfundur nýju myndarinnar er sá sami og þá, húmoristinn Brad Bird, sem gerði m.a. einnig myndirnar *The Iron Giant*, *Ratatouille*, *Mission: Impossible - Ghost Protocol* og *Tomorrowland*.

Við látum hér nokkrar myndir tala sínu máli en hvetjum alla áhugasama til að skoða skemmtilegar stiklurnar úr *Incredibles 2* sem komnar eru á netið.


Amy SCHUMER
I Feel
PRETTY
FRUMSÝND 11. MAÍ
Curvy.is
Kristall
EGILSHÖLL
SAMbio.is
SAMBÍÓIN

Af því að þær geta það!

Ein af myndum júnímánaðar er *Ocean's 8* sem eins og heitið bendir til sækir efnistökin í myndina *Ocean's 11* eftir Steven Soderbergh, en hún naut mikilla vinsælda árið 2001 og var reyndar sjálf byggð á samnefndri mynd frá árinu 1960. Í nýju myndinni er aðalpersónan Debbie Ocean, þ.e. systir Dannys sem skipulagði ránið djarfa í 2001-myndinni og hóaði í hina tíu sem unnu með honum. Það sama gerir Debbie í þessari mynd en hugmyndin er að ræna gríðarlega verðmætum demöntum fyrir framan nefið á öllum, þ. á m. öflugri öryggisgæslu. Með helstu hlutverk í myndinni fyrir utan ræningjana átta sem sjást á myndinni hér fyrir neðan fara þau Dakota Fanning, Olivia Munn, Katie Holmes, Jaime King, James Corden, Kylie Jenner og Matt Damon sem leikur hér ný á Linus Caldwell úr gengi Dannys!

Stöllurnar og samverkakonurnar í Ocean-genginu eru hér saman komnar í lestarvagni en þær eru leiknar af Söndru Bullock, Cate Blanchett, Rihönnu, Mindy Kaling, Awkwafin, Söruh Paulson, Anne Hathaway og Helenu Bonham Carter.



Hinsegin ástarsaga

Bíómyndin *Love, Simon* eftir Greg Berlanti (*Life as We Know It*) hefur verið að gera það gott á kvikmyndahátíðum að undanförnu, fengið mjög góða dóma og enn betri umsagnir almennra áhorfenda eins og þeir sem hafa gaman af að glugga í kvikmyndir á netinu geta séð á Imdb.com þar sem hún er komin með 8,1 í einkunn frá rúmlega 15 þúsund notendum þegar þetta er skrifað. Í júní kemur svo að Íslendingum að sjá þessa mynd sem er byggð á verðlaunabókinni *Simon vs. the Homo Sapiens Agenda*, en hún kom út 2015 og er eftir Becky Albertalli.

Þeim sem vilja kynna sér söguna í *Love, Simon* er bent á að skoða stikluna en það er alveg ljóst að með leik sínum í titilhlutverki hennar er hinn 23 ára Nick Robinson kominn vel áleiðis með að stimpla sig inn sem nýstirni ársins í heimi kvikmyndanna, en Nick var áður einna þekktastur fyrir að leika Zack í *Jurassic World*. Við kynnum þessa mynd betur í næsta blaði.

Love, Simon er greinilega ein af unglingamyndum ársins.

Billys

PAN PIZZA

Klukk, þú ert'ann!

Einu sinni fyrir langa löngu, fyrir tíma tölvuleikja, þráðlausra síma og barnaefnis í sjónvarpi, léku krakkar sér saman úti á kvöldin. Þá fóru þau stundum í vinsælan eltingar- og feluleik sem var yfirleitt kallaður „síðasta“, en líka stundum „klukk“. Þetta var einfaldur leikur sem snerist um að einhver í hópnum „var'ann“ og þurfti að elta uppi aðra í hópnum og „klukka“ þá til að losna við að ver'ann en í klukki fólst að ná að snerta viðkomandi. Sá sem var klukkaður breyttist þá í að ver'ann og þurfti að elta einhvern félaga sinn uppi til að klukka hann ... og svo koll af kolli þangað til tíminn leysti leikinn sjálfkrafa upp.

Þessi merkilegi leikur er aðalatriðið í gamanmyndinni *Tag* sem kemur í bíó í júní og fjallar um nokkra æskuvini sem léku sér í „síðasta“ þegar þeir voru ungir. Ólíkt öðrum ákváðu þau hins vegar að hætta ekki í leiknum og eru því enn í honum, komin hátt á fertugs- og jafnvel fimmtugsaldur. Myndin lofar ákaflega góðu eins og sjá má í mjög fjörugum stiklunum og gæti hæglega orðið einn af gamansmellum ársins. Tékkið á henni.

Bara stiklan er meistaraverk

Það hefur ekki allt kvikmyndaáhugafólk áhuga á að skoða stiklur væntanlegra mynda og sumir meira að segja forðast að sjá þær á þeim grunni að þær skemmi fyrir upplifuninni ef þeir skyldu síðan sjá myndina. Þetta er auðvitað alveg rétt í mörgum tilfellum enda flestir sammála um að langskemmtilegast sé að láta góða sögu í góðri mynd koma sér á óvart. En svo eru aðrir sem kæra sig kollótta um þetta og hafa gaman af stiklum, líta jafnvel á þær sem sjálfstæð kvikmyndaverk og hafa auðvitað rétt fyrir sér hvað það varðar. Sá sem þetta skrifar er í síðarnefnda hópnum og telur, eftir að hafa séð stikluna úr *Sicario: Day of the Soldado*, að þar sé komin ein af stiklum ársins. Myndin er eins og heitið gefur til kynna framhald af mynd Denis Villeneuve frá árinu 2015 og er óhætt að segja að atburðarásin í henni komi á óvart. Um leið og við getum tæplega mælt með að fyrri hópurinn sem við nefndum hér að ofan sjái þessa stiklu hvetjum við síðarnefnda hópinn til að láta hana ekki fram hjá sér fara, enda frábær stikla ein og sér.

Benicio Del Toro og Josh Brolin í *Day of the Soldado*.

NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Nicotinell Classic/Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

Vargur

Spennumynd / Tryllir

16 90 min

Aðalhlutverk: Gísli Örn Garðarsson, Baltasar Breki Samper, Anna Próchniak, Marijana Jankovic, Ingvar Eggert Sigurðsson og Rúnar Freyr Gíslason **Leikstjórn:** Börkur Sigþórsson **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumsýnd 4. maí

Með hlutverk burðardýrsins fer leikkonan Anna Próchniak sem þykir einhver efnilegasta leikkona Póllands nú um stundir.

Veistu svarið?
Það næsta sem við sjáum frá Berki Sigþórssyni er ný sería af *Ófærð* sem verður frumsýnd í haust. Þar munu áhorfendur endurnýja kynnin við margar af persónum fyrstu seríunnar, þ. á m. lögreglustjórann sem Ólafur Darri Ólafsson lék. Hvað heitir hann?

Andri Ólafsson.

Svo bregðast krosstré

Bræðurnir Erik og Atli eru við fyrstu sýn ólíkir að upplagi en hafa samt báðir komið sér í mikinn og bráðan fjárhagsvanda, hvor á sinn hátt. Þegar þeir sammælast um að leysa málin með því að fá unga pólska stúlku til að smygla fyrir þá eiturlyfjum innvortis til Íslands hefst þrautaganga þeirra þó fyrir alvöru!

Vargur er fyrsta mynd Barkar Sigþórssonar í fullri lengd en hann er þó enginn nýgræðingur í kvikmyndagerð og á meðal annars að baki verðlaunastuttmyndina *Skaði* (*Come to Harm*), sem hlaut Edduverðlaunin árið 2012 sem besta stuttmynd ársins, auk leikstjórnar á nokkrum af þáttum sakamálaseríunnar *Ófærð* sem sló í gegn í sjónvarpi fyrir tveimur árum eins og flestir Íslendingar vita.

Með hlutverk bræðranna Eriks og Atla fara þeir Gísli Örn Garðarsson og Baltasar Breki Samper. Erik hefur komið sér í vond mál eftir að hafa dregið sér fé til að fjármagna óhóflegan og dýran lífsstíl sinn en Atli skuldar eiturlyfjasölum fúlgur fjár og glímir við hótanir ósvífinna handrukkara sem ógna einnig konu hans og barni.

Til að byrja með virðist þaulskipulögð áætlun þeirra um að smygla eiturlyfjunum til Íslands ætla að ganga upp en þá kemur óvænt babb í bátinn sem setur allt í uppnám og gjörbreytir stöðunni ...



Gísli Örn Garðarsson leikur Erik sem þarf nauðsynlega að finna leið til að afla mikilla peninga áður en upp um fjárdrátt hans kemst.

Punktar

- Börkur Sigþórsson sem leikstýrir myndinni skrifaði einnig söguna og handritið og það er nokkuð óhætt að lofa væntanlegum áhorfendum að atburðarásin á eftir að koma þeim verulega á óvart.
- Aðalframleiðendur myndarinnar eru þau Baltasar Kormákur og Agnes Johansen. Stjórn kvikmyndatöku var í höndum Bergsteins Björgúlfssonar og Elísabet Rónaldsdóttir sá um klippinguna. Þessi fjögur eiga það líka sameiginlegt ásamt Berki leikstjóra að hafa komið að gerð hinna vinsælu sakamálaþátta *Ófærð*.

Baltasar Breki Samper leikur Atla, en hann á í höggi við handrukkara úr undirheimunum sem ógna einnig fjölskyldu hans.

Númeruð sæti og **hlélausar sýningar** í Háskólabíói

Veldu þitt
uppáhalds sæti

Verslaðu veitingarnar
í ró og næði

og horfðu á alla
myndina **hlélaust**

HÁSKÓLABÍÓ
Fyrir fólkið

Overboard

Gamanmynd / Rómantík

L | @*! | 112 mín

Aðalhlutverk: Anna Faris, Eugenio Derbez, Eva Longoria, Swoosie Kurtz, John Hannah og Emily Maddison **Leikstjórn:** Bob Fisher og Rob Greenberg **Bíó:** Smárabíó, Borgarbíó Akureyri og Sambíóið Keflavík

Frumsýnd 9. maí

Eva Longoria leikur Theresu, bestu vinkonu Kate, sem tekur fullan þátt í blekkingarleiknum ásamt fleiri vinum Kate.

Veistu svarið?
Eldri *Overboard*-myndinni sem var frumsýnd 1987 var leikstýrt af þekktum gamanmyndaleikstjóra sem einnig gerði t.d. myndir eins og *Beaches*, *The Flamingo Kid*, *The Princess Diaries*, *Runaway Bride* og hina frægu *Pretty Woman*. Hvað hét hann?

Garry Marshall

Minnislausi milljónamæringurinn

Þegar hinn hrokafulli og gjörspillti milljónamæringur Leonardo fellur út af snekkju sinni eina nóttina og skolar síðan minnislausum í land ákveður fyrrverandi ræstitæknir hans, Kate, að nýta sér aðstöðuna og telja honum trú um að þau séu hjón.

Rómantíska gamanmyndin *Overboard,* sem kemur í bíó 9. maí, er efnislega byggð á samnefndri mynd frá árinu 1987 þar sem Kurt Russell og Goldie Hawn fóru með aðalhlutverkin, en hún varð ein af vinsælustu gamanmyndum síns tíma. Handritið er samt nýtt og t.d. hefur kynjahlutverkunum verið snúið við þannig að nú er það hún sem sannfærir hann um að þau séu hjón en í gömlu myndinni var það hann sem sannfærði hana um það sama.

Kate er þriggja barna einstæð móðir sem á í mestu vandræðum með að láta enda ná saman og er komin nálægt því að missa húsið sitt vegna vanefnda. Það bætir því ekki úr skák þegar hún er rekin að ósekju úr vinnunni, en á þeim brottrekstri ber hinn hrokafulli milljónamæringur Leonardo fulla ábyrgð. Þegar Kate fréttir nokkrum dögum síðar af minnisleysi Leonardos eftir að hann fellur fyrir borð ákveður hún með stuðningi bestu vinkonu sinnar að ná sér niðri á honum með þeim „saklausa“ hrekk að þykjast vera eiginkona hans. En hrekkurinn á fljótlega eftir að vinda upp á sig ...

Það er hinn stórskemmtilegi mexíkóski grínleikari Eugenio Derbez sem leikur hrokafulla milljónamæringinn Leonardo í *Overboard*.

Punktar

• Handritið að 1987-myndinni *Overboard* var skrifað af Leslie Dixon (*Mrs. Doubtfire*, *Freaky Friday*) en er í þetta sinn skrifað af þeim Bob Fisher (*We're the Millers*, *Wedding Crashers*) og Rob Greenberg (*Frasier*-sjónvarpsþættirnir). Þeir Bob og Rob ákváðu líka að leikstýra myndinni saman og er hún um leið fyrsta bíómynd beggja.

• Eins og kvikmyndaunnendur ættu að sjá í hendi sér er *Overboard* fyrst og fremst lauflétt skemmtun og farsi sem allir ættu að hafa gaman af enda er hún leyfð öllum aldurshópum. Kíkið á stikluna.

Kate telur Leonardo ekki bara trú um að þau séu hjón heldur að hann sé faðir barna hennar, þótt þau líkist honum ekki hætis hót.

Bókmennta- og kartöflubökufélagið

Gamanmynd / Rómantík / Saga

12 | @*! | 124 min

Aðalhlutverk: Lily James, Matthew Goode, Michiel Huisman, Jessica Brown Findlay, Tom Courtenay, Glen Powell, Penelope Wilton og Katherine Parkinson **Leikstjórn:** Mike Newell **Bíó:** Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumsýnd 9. maí

Meðlimir Bókmennta- og kartöflubökufélagsins eru á öllum aldri og hér fær Juliet að bragða í fyrsta sinn á samnefndri böku.

Veistu svarið?
Leikstjóri myndarinnar, Mike Newell, á að baki margar góðar myndir eins og *Donnie Brasco*, *Dance with a Stranger*, *Mona Lisa Smile* og ekki síst eina vinsælustu bresku gamanmynd allra tíma sem var frumsýnd árið 1994. Hvaða mynd er það?

Four Weddings and a Funeral.

Hvað gerðist í Guernsey?

Juliet Ashton er ungur og upprennandi rithöfundur í London árið 1946 sem í gegnum bréfaskipti við einn af meðlimum Bókmennta- og karöflubökufélags Guernsey-eyju fær mikinn áhuga á að kynna sér reynslu eyjaskeggja eftir að Þjóðverjar hertóku Guernsey í síðari heimsstyrjöldinni. Svo fer að hún ákveður að skella sér í heimsókn og skoða málið persónulega.

Það er ekki hlaupið að því að flokka mynd eins og *Bókmennta- og kartöflubökufélagið* í hina venjubundnu kvikmyndaflokka því um leið og hún byggir á sönnum og sögulegum atburðum inniheldur hún bæði grín, rómantík og dularfulla ráðgátu um atburði í síðari heimsstyrjöldinni sem eru hreint ekkert fyndnir. En þegar öllu er á botninn hvolft er myndin kannski fyrst og fremst um ást og vinskap enda hafa margir gagnrýnendur flokkað hana sem „feel good"-sögu, þ.e. einkar ánægjulega sögu sem skilur eftir sig góða og ríka tilfinningu hjá áhorfendum. En hvernig svo sem henni er lýst þá má fullyrða að hér er á ferðinni mynd fyrir flesta kvikmynda-unnendur og þá kannski alveg sérstaklega fyrir þá sem kunna að meta breskar sögur og kvikmyndagerð eins og hún gerist best ...

Lily James leikur rithöfundinn Juliet Ashton sem ákveður að fara til Guernsey og rannsaka hinar ýmsu sögur um samfélagið þar.

Punktar



- Myndin er byggð á metsölubókinni *The Guernsey Literary and Potato Peel Pie Society* eftir þær Mary Ann Shaffer og Annie Barrows, en hún kom upphaflega út árið 2008 og síðan hjá Bjarti bókaútgáfu tveimur árum síðar í íslenskri þýðingu Ingunnar Ásdísardóttur.
- Fjögur af þeim sem fara með stærstu hlutverkin í myndinni, þau Lily James, Jessica Brown Findlay, Matthew Goode og Penelope Wilton, léku öll í *Downton Abbey*.

Um leið og Juliet uppgötvar hvað íbúarnir á Guernsey þurftu að ganga í gegnum í hernáminu þarf hún að takast á við eigin tilfinningar.



I Feel Pretty

Gamanmynd

12 | @*! | 110 min

Aðalhlutverk: Amy Schumer, Michelle Williams, Emily Ratajkowski, Tom Hopper, Aidy Bryant, Busy Philipps, Lauren Hutton og Naomi Campbell **Leikstjórn:** Abby Kohn og Marc Silverstein **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Ísafjarðarbíó, Selfossbíó, Eyjabíó, Króksbíó, Skjaldborgarbíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumsýnd 11. maí

Þegar Renee speglar sig eftir að hafa rankað úr rotinu sér hún sig skyndilega sem eina fegurstu konu heims, öfugt við áður.

Veistu svarið?
Þær Michelle Williams og Busy Phillips sem hér leika saman í bíómynd í fyrsta sinn hafa verið nánar vinkonur allt frá 1997 þegar þær hittust fyrst og léku saman í þekktum sjónvarpsþáttum sem urðu mjög vinsælir á Íslandi. Hvaða þáttum?

Dawson's Creek.

Fegurðin kemur innan frá

Renee Bennett er ung kona sem er óánægð með eigið útlit og gerir sér lífið leitt með draumum um að líta út eins og fyrirsætur á borð við Naomi Campell, Emily Ratajkowski og fleiri slíkar. Dag einn þegar hún er á fullu í ræktinni dettur hún af hjólinu, rekur höfuðið harkalega í og rotast. Þegar hún rankar við sér hefur sýn hennar á líkama sinn og útlit gjörbreyst.

Það hefur oft verið sagt að hin sanna fegurð hverrar persónu komi innan frá því þótt fagurt útlit skemmi svo sem ekki fyrir þá er það samt sem áður bara umbúðir utan um raunveruleikann. Þetta er kjarninn í þessari nýju gamanmynd grínistans Amyar Schumer.

Eftir að Renee rankar við sér eftir slysið í ræktinni og sér sig í spegli sér hún sig ekki eins og áður heldur sér hún bara gullfallega konu sem gefur helstu ofurfyrirsætum heims ekkert eftir í útliti og líkamsvexti nema síður sé. Þetta gjörbreytir samstundis allri framkomu hennar sem í stað þess að einkennast af óöryggi og feimni verður nú allt í einu geislandi af sjálfstrausti og öryggi konu sem hefur ekki nokkrar einustu áhyggjur af því hvernig hún lítur út og efast ekki lengur í eina sekúndu um hæfileika sína á öllum sviðum. En hvað gerist þegar áhrifin af höfuðhögginu hverfa?

Renee ásamt bestu vinkonum sínum, Vivian (Aidy Bryant) og Jane (Busy Philipps), en þeim finnst öllum frekar fúlt að karlar á stefnumótasíðunum horfa bara á myndina en lesa aldrei prófílinn.

Punktar

• Leikstjórar myndarinnar, þau Abby Kohn og Marc Silverstein, hafa lengi starfað saman sem handritshöfundar og skrifuðu m.a. handrit myndanna *Never Been Kissed*, *The Vow* og *How to Be Single*. Þau skrifa einnig handritið að *I Feel Pretty* en þetta er í fyrsta sinn sem þau leikstýra einnig saman.

Geislandi af fegurð, sjálfsáliti, innri styrk og hæfileikum sækir Renee um starf hjá umboðsfyrirtæki fyrirsætna þar sem þær Helen og Avery (Naomi Campell og Michelle Williams) taka á móti henni.

Douze points

Eurovisionleikur Pringles

Regla 1: Passaðu þig að eiga til nóg af Pringles
Regla 2: Þegar lag hefst, fáðu þér Pringles
Regla 3: Þegar lagi lýkur, fáðu þér Pringles
Regla 4: Þegar eitthvað lag fær 12 stig, fáðu þér Pringles
Regla 5: Alltaf þegar þig langar í Pringles, fáðu þér Pringles

Deadpool 2

Ofurhetjur / Hasar / Grín

16 | @*! | 118 min

Aðalhlutverk: Ryan Reynolds, Josh Brolin, Zazie Beetz, T.J. Miller, Terry Crews, Eddie Marsan, Bill Skarsgård, Morena Baccarin, Julian Dennison og Shioli Kutsuna **Leikstjórn:** David Leitch **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Egilshöll, Kringlunni og Keflavík, og Borgarbíó Akureyri

Frumsýnd 16. maí

Atriði úr nýju stiklunni þar sem Deadpool og félagar hans henda sér út úr flugvél. Það verður gaman að sjá um hvað það snýst.

Veistu svarið?
Fyrir utan allar nýju persónurnar sem birtast í Deadpool 2 eru nokkrar af persónum fyrri myndarinnar auðvitað enn til staðar þ. á m. Vanessa, kona Wades og besti vinur og aðstoðarmaður hans sem T.J. Miller leikur hér á ný. Hvað heitir persóna hans?

Wasel.

Búðu þig undir endurkomu ársins!

Stiklurnar úr *Deadpool 2* og annað kynningarefni myndarinnar sem birst hefur á undanförnum mánuðum hefur slegið í gegn, enda um bráðskemmtilega brandara að ræða í flestum tilfellum sem tengjast hinum sérstaka húmor fyrri myndarinnar. Nýjasta stiklan, og sennilega lokastikla myndarinnar, sýnir hins vegar svo ekki verður um villst að nýja myndin er ekki bara fyndin heldur er hér sennilega um að ræða eina bestu og hröðustu hasarmynd sem sést hefur í bíó um árabil.

Já, Wade Wilson, öðru nafni Deadpool, mætir á ný á hin hvítu tjöld kvikmyndahúsa heimsins þann 16. maí eins og hann byrjaði strax að boða eftir síðustu heimsókn. Í þetta sinn glímir hann við hinn öfluga glæpamann Nathan Summers, en hann er betur þekktur sem Cable og er leikinn af Josh Brolin, þeim sama og leikur Thanos í *Avengers*-myndunum. Einn og sér uppgötvar Wade fljótlega að hann á ekki nokkra einustu möguleika í Cable og því neyðist hann til að kalla til leiks fleiri bardagahetjur sem geta með samtakamætti sínum sett strik í reikninginn og leitt til þess að réttlætið sigri ...

Josh Brolin leikur hinn öfluga Nathan Summer, eða Cable, sem Deadpool á enga möguleika í upp á eigin spýtur. Eða hvað?

Punktar

- Leikstjóri *Deadpool 2* er David Leitch sem síðast sendi frá sér myndina *Atomic Blonde* en hann á einnig langan feril að baki sem áhættuleikari og sem aðstoðarleikstjóri mynda eins og *John Wick*, *Jurassic World*, *Captain America: Civil War* og *The Wolverine*. Handritshöfundar eru hins vegar þeir sömu og síðast, Rhett Reese og Paul Wernick, auk Ryans Reynolds sem er meðhöfundur þess.
- Söguþræði myndarinnar hefur verið haldið leyndum og það eina sem vitað er um hann þegar þetta er skrifað er það sem kemur fram í stiklunum. Þær eru hins vegar þannig fram settar að atburðarásin er langt frá því að vera skýr – sem er auðvitað bara hið besta mál fyrir þá sem vilja ekki vita of mikið þegar þeir fara á myndina í bíó.
- Fyrri *Deadpool*-myndin sem var frumsýnd í febrúar 2016 kostaði í framleiðslu 58 milljónir dollara en halaði síðan inn rúmlega 783 milljónir dollara í kvikmyndahúsum á heimsvísu. Þessi nýja mynd er sögð hafa kostað þrefalt meira, eða í kringum 175 milljónir dollara enda inniheldur hún að sögn mun tilkomumeiri atriði en sú fyrri.

Nestlé
LION
ERTU LJÓNHEPPINN?
VINNUR ÞÚ IPHONE X
VINNINGAR:
3 x IPHONE X
10 x KASSAR AF LION
100 x BÍÓMIÐAR Á DEADPOOL 2
VERTU MEÐ Á
FACEBOOK.COM/LIONICELAND
Þú þarft að hafa náð 18 ára aldri til að taka þátt
DEADPOOL 2
Frumsýnd 16. maí 2018

Krummi klóki

Teiknimynd

L 73 mín

Íslensk talsetning: Sigurður Þór Óskarsson, Viktor Már Bjarnason, Þórhallur (Laddi) Sigurðsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Selma Björnsdóttir, Karl Pálsson, Íris Tanja Flygenring, Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir, Ívan Rökkvi Elíasson og Matthías Davíð Matthíasson
Leikstjórn: Árni Ólason **Bíó:** Bíó Paradís, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumsýnd 18. maí

Kappaksturinn mikli

Þessi bráðfjöruga og litríka teiknimynd er byggð á sögum þýska barnabókahöfundarins Nele Moost með teikningum eftir Annet Rudolph en þær hafa verið þýddar á 22 tungumál hingað til og selst í meira en fimm milljónum eintaka.

Krummi klóki er lífsglaður og fjörugur krummi en dálítill galgopi á köflum. Dag einn leiðir glannaakstur hans um skóginn til að hann ekur á birgðageymslu með þeim afleiðingum að allar matarbirgðirnar sem dýrin í skóginum höfðu safnað til vetrarins fara forgörðum. Úr vöndu er að ráða en þá fær Krummi þá hugmynd að taka þátt í spennandi skógarkappakstri þar sem sigurvegaranum er heitið 100 gullpeningum. Það ætti jú að nægja til að bæta skaðann.

Í framhaldinu lendir Krummi klóki síðan í alls konar skringilegum ógöngum og óvæntum uppákomum og hvort sem honum tekst að sigra í kappakstrinum eða ekki á hann eftir að læra að sumt er jafnvel meira virði en gullpeningar, t.d. sönn vinátta og samvinna ...

MIKLU SKEMMTILEGRA NAMMI

Solo: A Star Wars Story

Star Wars

12 | 135 min

Aðalhlutverk: Alden Ehrenreich, Emilia Clarke, Donald Glover, Paul Bettany, Woody Harrelson, Phoebe Waller-Bridge, Thandie Newton, Jon Favreau, Joonas Suotamo og Warwick Davis **Leikstjórn:** Ron Howard **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilsöll, Keflavík og Akureyri, Smárabíó, Laugarásbíó, Ísafjarðarbíó, Selfossbíó, Eyjabíó, Króksbíó, Skjaldborgarbíó og Bíóhöllin Akranesi

Frumsýnd 23. maí

Við hér á Myndum mánaðarins spáum því að *Solo* muni enda á því að þeir Han Solo og Luke Skywalker hittast í fyrsta skipti.

Veistu svarið?
Woody Harrelson leikur hér Tobias Beckett sem fær Han Solo í lið með sér og á eftir að verða nokkurs konar lærifaðir hans. Um leið er þetta í annað sinn sem Ron Howard leikstýrir Woody í bíómynd, en það gerði hann einnig árið 1999. Í hvaða mynd?

Svar: Edtv.

Aftur til upphafsins

Önnur hliðarsagan í *Star Wars*-sögunni segir frá ævintýrum Hans Solo áður en hann hitti Luke Skywalker og gekk ásamt honum til liðs við uppreisnarmenn í fyrstu myndinni, þ.e. fjórða kafla sögunnar *A New Hope* sem var frumsýndur 1977.

Eins og allir sem fylgst hafa með *Star Wars*-sögunum var fyrsta hliðarsagan, *Rogue One*, frumsýnd í desember 2016. Sú mynd fjallaði um hvernig uppreisnarmenn komust yfir teikningarnar sem síðar áttu eftir að gera þeim kleift að finna veika blettinn á hinum risastóra vígahnetti Dauðastjörnunni. Nokkuð ljóst er af stiklum nýju myndarinnar, *Solo*, að hún gerist ekki bara fyrir atburðina í *A New Hope* heldur hefst hún einnig fyrir atburðarásina í *Rogue One*. Ef hún síðan fylgir línunni sem var gefin í *Rogue One* þá teygir *Solo* sig yfir í tíma hennar og síðan allt þar til þeir Han Solo og Luke Skywalker hittast í fyrsta sinn. Þetta skilja allir sem eru vel inni í tímaröð seríunnar. Athugið að þetta eru auðvitað bara getgátur þess sem þetta skrifar því þótt ýmislegt hafi verið gefið í skyn í kynningarefni *Solo* er meginatburðarásin enn óskýr þegar þetta er skrifað enda eru allir aðstandendur myndarinnar bundnir þagnareiði og mega ekkert segja opinberlega um hvað gerist í myndinni, hvað þá endinn. Hann mun því ekki liggja fyrir fyrr en í lok maí en á það má benda að myndin verður frumsýnd hér á landi tveimur dögum fyrr en í Bandaríkjunum. Þeir sem skella sér á hana þá verða því með þeim fyrstu í heiminum til að vita hið sanna ...

Hinn 29 ára gamli Alden Ehrenreich leikur Han Solo í myndinni en þess má geta að Harrison Ford var 34 ára þegar hann lék hann í *A New Hope*.

Punktar

• Sagan segir að Alden Ehrenreich sem leikur Han Solo hafi verið fyrsti leikarinn sem tekinn var inn í prufutökur af þeim þúsundum sem sóttust eftir hlutverkinu. Alden er 29 ára, fæddur 22. nóvember 1989. Hann hóf leikferilinn 2005 og átti að baki leik í myndum eins og *Beautiful Creatures*, *Blue Jasmine* og *Running Wild* áður en hann sló í gegn í hlutverki Hobies Doyle í Coen-myndinni *Hail, Caesar!,* en fyrir það hlutverk hlaut hann fjölmörg verðlaun og viðurkenningar. Þess má til gamans geta að þetta er í fjórða sinn sem ein af aðalpersónunum í nýjustu *Star Wars*-myndinni er leikin af leikara sem er nýbúinn að leika í Coen-mynd. Hinir fyrri eru Domhnall Gleeson, Oscar Isaac og Adam Driver. Tilviljun? Já, sennilega.

• Í *Solo* koma auðvitað fram nýjar persónur sem ekki hafa áður komið við sögu í *Star Wars*-seríunni en einnig einhverjar gamlar. Þar ber helst að nefna Lando Calrissian sem Billy Dee Williams lék í myndunum *The Empire Strikes Back* og *The Return of the Jedi*. Hann er hér leikinn af Donald Glover (nei, hann er ekki sonur leikarans Dannys Glover). Þess má geta að í myndinni hittast þeir Han Solo og Chewbacca einnig í fyrsta sinn og við sjáum hvað það er sem gerir þá upp frá því að langtímavinum og samstarfsfélögum.

Kellogg's

MEGI MÁTTURINN VERA MEÐ ÞÉR – Á MORGNANA

TAKMARKAÐ MAGN

Draumur

Teiknimynd

L 90 mín

Íslensk talsetning: Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Ævar Þór Benediktsson, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir, Stefanía Svavarsdóttir, Vaka Vigfúsdóttir, Hjálmar Hjálmarsson, Steinn Ármann Magnússon Örn Árnason, Orri Huginn Ágústsson og Eyþór Ingi Gunnlaugsson
Leikstjórn: Tómas Freyr Hjaltason **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumsýnd 23. maí

Finndu þína sönnu ást

Þegar þær Öskubuska, Þyrnirós og Mjallhvít uppgötva að þær eru allar trúlofaðar sama prinsinum verður úr vöndu að ráða því auðvitað getur hann ekki gifst þeim öllum. Til að finna út hvar ást hans liggur í raun þarf hann að fara með aðstoðarkonu sinni Lenore (sem er ónæm fyrir töfrum hans) út í heim og freista þess að leysa þrautir sem um leið eru prófraun á hjarta hans.

Þessi stórskemmtilega, tölvuteiknaða mynd sem eins og sést á sögunni sækir efnið í þekkt ævintýri er eftir Ross Venokur og framleidd af sömu aðilum og gerðu *Shrek*-myndirnar. Um leið og myndin er hæfilega spennandi fyrir yngstu kynslóðina inniheldur hún einnig skemmtilega tónlist og mikinn húmor við allra hæfi.

Kona fer í stríð

Hasar

9 | @*! | 96 mín

Aðalhlutverk: Halldóra Geirharðsdóttir, Davíð Þór Jónsson, Magnús Tryggvason Eliassen, Ómar Guðjónsson og Jóhann Sigurðsson
Handrit: Benedikt Erlingsson og Ólafur Egilsson **Leikstjórn:** Benedikt Erlingsson **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumsýnd 23. maí

Veistu svarið?
Það mótmælir því sennilega enginn að Halldóra Geirharðsdóttir hefur verið á meðal fremstu og skemmtilegustu leikara Íslendinga um árabil. En vissuð þið að hún lék í sinni fyrstu bíómynd aðeins 11 ára að aldri árið 1979? Hvaða mynd var það?

Punktur punktur komma strik.

Stríð eru af öllum stærðum

Halla er kórstjóri á fimmtugsaldri sem ákveður að lýsa yfir sínu eigin stríði gegn allri mengandi stóriðju í landinu. Hún gerist skemmdarverkamaður og er tilbúin að fórna öllu fyrir móður jörð og hálendi Íslands, allt þar til munaðarlaus stúlka frá Úkraínu stígur inn í líf hennar. Að bjarga einu barni er að bjarga heiminum. En er það nóg?

Kona fer í stríð er önnur bíómynd Benedikts Erlingssonar sem leikstjóra en sú fyrri var myndin *Hross í oss* sem sló í gegn haustið 2013, hlaut síðan sex Edduverðlaun af fjórtán tilnefningum, þ. á m. sem besta mynd ársins, auk toppdóma gagnrýnenda og óteljandi verðlauna á alþjóðlegum hátíðum. Það er því sérstakt tilhlökkunarefni að fá að sjá þessa nýju mynd hans, en hún skartar Halldóru Geirharðsdóttur í aðalhlutverki og verður frumsýnd 23. maí.

Halldóra Geirharðsdóttir leikur kórstjórann Höllu sem ákveður að segja stóriðjunni stríð á hendur og leggja allt sitt í baráttuna.

Punktar

• Þegar þetta er skrifað eru þær fréttir nýjar að *Kona fer í stríð* hafi verið valin til þátttöku á svokallaðri Critics' Week, einni af hliðardagskrám hinnar virtu kvikmyndahátíðar í Cannes sem hefst formlega 8. maí. Þar verður hún heimsfrumsýnd 12. maí en fyrirfram er það mikill heiður fyrir aðstandendur kvikmyndar ef mynd þeirra er valin til sýninga á Critics' Week enda koma þúsundir kvikmynda frá öllum heimshornum til greina hverju sinni. Af þeim velja gagnrýnendurnir sem valnefndina skipa síðan aðeins sjö til sýningar. Það verður gaman að sjá hvaða viðtökur *Kona fer í stríð* hlýtur í Cannes.

• Myndin, sem er íslenskt/franskt/úkraínskt samvinnuverkefni, er framleidd af Marianne Slot, Benedikt Erlingssyni og Carine Leblanc og meðframleidd af Serge Lavrenyuk, Bergsteini Björgúlfssyni og Birgittu Björnsdóttur. Bergsteinn Björgúlfsson sá um stjórn kvikmyndatöku, Davíð Alexander Corno klippti myndina og það er Davíð Þór Jónsson sem samdi tónlistina fyrir hana.

Benedikt Erlingsson leikstjóri og annar handritshöfundur myndarinnar.